# Umhverfisráð - 327 (27.9.2019) - Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna Hóla- og Túnhverfis

| | | |
|---|---|---|
| **Málsnúmer** | : | 201905163 |
| **Málsaðili** | : | Umhverfis- og tæknisvið |
| **Niðurstaða (stutt)** | : | Samþykkt |
| **Fundardagur** | : | 27.09.2019 |

| | | |
|---|---|---|
| **Inngangur** | : | Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar var tekin fyrir að nýju tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þar sem gert er ráð fyrir að íbúðarsvæði 312-Íb stækki til norðurs yfir óbyggt svæði. Stækkunin nemur einni parhúsalóð. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við fyrirhugaða málsmeðferð og er tillagan því tekin til afgreiðslu að nýju. |
| **Niðurstaða** | : | Umhverfisráð felur sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs að senda uppfærða tillögu til Skipulagsstofnunar til athugunar.<br>Ráðið leggur til að tillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að fengnu áliti stofnunarinnar.<br><br>Samþykkt samhjóða með fimm atkvæðum |